



Útfararskrá og lífsskrá

Siðmennt hvetur fólk til að skrá vilja sinn um útför sína á blað sem kallast **útfararskrá**.

Sömuleiðis er mikilvægt að skrá óskir sínar um málefni sem geta komið upp við enda lífs eða í tilviki skyndilegs fráfalls.

Þær óskir eru skráðar á svokallaða **lífsskrá** sem landlæknisembættið hefur gefið út. Þar er tekin afstaða til líffæragjafar, endurlífgunar og fleira.

Bæði útfararskrá og lífsskrá má nálgast á www.sidmennt.is



Um Siðmennt

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi var stofnað árið 1990. Félagið er **lífsskoðunarfélag** og hefur að viðfangsefni siðferðismál, þekkingarfræði og félagslegar athafnir fjölskyldna.

Með **lífsskoðun** er átt við þau viðhorf og lífsgildi sem eru okkur persónulega mikilvæg og náin, eins konar innri sannfæringu sem við höfum að leiðarljósi í lífinu.

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru **siðferðilegir hornsteinar** manngildishyggjunnar / húmanismans.

Siðmennt styður við vísindalegar aðferðir til að **leita þekkingar** um veröldina og lífheiminn.

Siðmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** við nafngjafir, giftingar og útfarir, auk vandaðs námskeiðs til undirbúnings fyrir borgaralega fermingu.

Nánari upplýsingar má finna á www.sidmennt.is



SIÐMENNT

Félag siðrænna húmanista á Íslandi

Athafnaþjónusta Siðmenntar

Veraldlegar útfarir



Mannvirðing í fyrirrúmi

- einstakar og persónulegar athafnir
á veraldlegan / húmanískan máta



Aðrir bæklingar Siðmenntar:

- Hvað er Siðmennt?
- Gifting og nafngjöf
- Borgaraleg ferming

Athöfnin er óháð trú
- opin öllum, en
byggist ekki á trúarlegu innihaldi



Húmanísk / veraldleg útför - lífshlaupinu fagnað

Sidmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** við húmanískar / veraldlegar útfarir.

Húmanísk útför fer fram til að minnast á formlegan og virðulegan máta látins ættingja eða vinar.

Athafnarstjóri Sidmenntar stýrir útförinni og fer með minningarorð og hugvekju.

Húmanísk útför - mannvirðing




Tónlist, söngur og ljóð eða önnur listræn tjáning er ríkur þáttur athafnarinnar sem hefur virðulegt og hlýtt yfirbragð.

Ættingjar og vinir geta lagt sitt af mörkum innan ákveðins tímaramma sé þess óskað, t.d. með lestri ljóðs eða stuttrar persónulegrar minningarræðu.

Skv. lögum er hægt að sækja um leyfi hjá ráðherra til að dreifa ösku hins látna um sjó eða öræfi.

Nauðsynlegar upplýsingar



Áður en dagsetning útfarar er ákveðin skal hafa samband við athafnaþjónustu Sidmenntar.

Halda má athöfnina í samkomusal eða útfararkapellu. Í sumum kirkjugörðum er gert ráð fyrir óvígðum reitum. Dánarvottorð lækni þarf að liggja fyrir. Útfararstofur sjá um líkflutning, prentun dagskrár og fleira.

Nánari upplýsingar á www.sidmennt.is
Netfang: sidmennt@sidmennt.is